


Viðskiptaráðuneytið
10. apríl 2000.



Alþingi
Erindi nr. P 125/1506
komudagur 10. 4. 2000

Tillögur um breytingar á frumvarpi um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

Greinargerð til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hefur viðskiptaráðuneytið farið yfir umsagnir um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði. Ráðuneytið hélt fund með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja til að fara yfir framkomnar umsagnir og samræma sjónarmið. Ráðuneytið tekur undir margar af þeim tillögum sem fram koma í umsögnum og mælir með að frumvarpinu verði breytt með hliðsjón af þeim, sbr. eftirfarandi umfjöllun.

1. Skilgreiningar á ýmsum tegundum afleiðusamninga (2. gr.) Athugasemd frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Ráðuneytið hefur farið yfir þessar skilgreiningar með Samtökum fjármálafyrirtækja og leggur til að þeim verði breytt til samræmis við tillögu samtakanna.

2. Menntunarkröfur (5. gr.) Athugasemdir frá Fjármálaeftirliti og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið gerir tvær athugasemdir við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að prófnefnd verðbréfamiðlunar verði heimilað að veita undanþágu frá einstökum þáttum prófsins eða prófinu í heild, ef hún telur að einstaklingur hafi lokið jafngildu prófi og í öðru lagi að prófið nefnist próf í verðbréfavíðskiptum í stað prófs í verðbréfamiðlun.

Ráðuneytið tekur undir þetta og leggur til að 1. mgr. 5. gr. orðist svo:
„Starfsmenn fyrirtækis í verðbréfabjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við víðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. skulu hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Í reglugerð skal kveða á um prófkröfur og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild ef aðili hefur lokið jafngildu námi.”

Samtök fjármálafyrirtækja leggja til að við 1. mgr. bætist nýtt ákvæði þess efnis að hafi starfsmennirnir ekki staðist prófið þegar þeir eru ráðnir skulu þeir standast það í næsta sinn sem það er haldið. Að mati samtakanna er brýnt að hæfir starfsmenn geti tekið án tafar við yfirmannsstöðu í fyrirtæki í verðbréfabjónustu án þess að hafa undirgengist próf í verðbréfamiðlun. Ef slíkt verður ekki heimilt er líklegt að erfiðara verði að ráða hæfileikamenn til starfa eða þá hitt, að starfsmaður sem lokið hefur prófinu verði ráðinn til málamynda til að „leppa” fyrir þann próflausa sem þó í raun

og sanni gegnir stöðunni. Hvorugt sé til þess fallið að auka samkeppnishæfni íslensks verðbréfamarkaðar eða stuðla að neytendavernd.

Ráðuneytið mælir ekki með þessari tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja. Það er forsenda fyrir því kerfi sem lagt er til í frumvarpinu að þeir starfsmenn sem sinna tilteknum störfum í fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu hafi sýnt fram á að þeir hafi til að bera þá þekkingu sem krafist er í reglugerð um próf í verðbréfamiðlun. Forsendur þessarar hæfniskröfu eru þær að ráðgjöf um verðbréfaviðskipti sé vandasöm og þarfnist umtalsverðrar þekkingar, jafnt reikningslegrar sem lagalegrar. Það er jafn mikilvægt að starfsmaður hafi til að bera þessa þekkingu á fyrstu mánuðum í nýju starfi og síðar á starfstímanum. Starfsmaðurinn verður því annað hvort að þreyta prófið eða sýna prófnefnd fram á að hann hafi lokið jafngildu námi.

Ráðuneytið tekur undir það sjónarmið Samtaka fjármálafyrirtækja að örðugt geti reynst fyrir fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að bíða með ráðningu yfirmanns þar til próf hefur verið haldið. Að mati ráðuneytisins væri þó betra að taka á þessu vandamáli með því að prófnefnd hefði heimild til þess, við sérstakar aðstæður og gegn hærra gjaldi, að halda lokað próf innan tiltölulegra þröngra tímamarka.

Fjármálaeftirlitið leggur til að þær breytingar verði gerðar á 2. mgr. 5. gr. að eftirlitið skuli staðfesta tilkynningar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu um starfsmenn skv. 1. mgr. 5. gr. og að reglusetningarheimild eftirlitsins verði afmörkuð með nákvæmari hætti.

Ráðuneytið telur ekki þörf á að Fjármálaeftirlitið staðfesti tilkynningar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, enda hefur það heimild til þess að gera athugasemdir við þær og krefjast úrbóta og getur jafnframt sett nánari reglur um tilkynningarnar. Ráðuneytið mælir ekki með breytingu á 2. mgr. frumvarpsins.

3. Almenn útböð verðbréfa (7. gr.) Athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið og Samtök fjármálafyrirtækja leggja til að 7. gr. frumvarpsins verði gerð almennari og taki einnig til lokaðra útböða. Jafnframt verði sett inn skilgreining á lokuðu útböði.

Ráðuneytið mun á næstu dögum skipa sjö manna nefnd til að fara yfir útböðsmál verðbréfa. Nefndin skal ljúka störfum í haust. Endurskoðun reglusetningar á þessu sviði er orðin mjög aðkallandi, enda hefur verðbréfamarkaður tekið stakkaskiptum frá því að reglur um þetta efni voru settar. Einnig þarf að taka mið af þeirri vinnu um almenn útböð verðbréfa sem nú er unnin á vegum evrópsku kauphallarsamtakanna (FESE) og evrópskra verðbréfaeftirlita (FESCO).

Með hliðsjón af umsögnum Fjármálaeftirlitsins og Samtaka fjármálafyrirtækja, og að höfðu samráði við þessa aðila, leggur ráðuneytið til að reglugerðarheimildin verði gerð víðtækari, þannig að betra svigrúm fái til að taka heilstætt á þeim vandálum sem upp hafa komið á þessu sviði. Lagt er til að lokað útböð verði skilgreint í 2. gr. frumvarpsins.

5. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

„Lokað útboð: Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru afmörkuðum hópi einstaklinga eða lögaðila til kaups í fyrsta sinn án almennrar og opinberrar auglýsingar eða kynningu sem jafna má til opinberrar auglýsingar.”

7. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveðið á um almennt og lokað útboð verðbréfa, svo sem um skilyrði fyrir útboði og undanþágu frá þeim, aðdraganda og framkvæmd útboðs, gerð útboðsgagna, tilkynningu um útboð, fyrsta söludag útboðs, upplýsingar um heildarsölu í útboði, þá aðila sem heimild hafa til að hafa milligöngu um útboð verðbréfa og um takmarkanir á viðskiptum með verðbréf sem falla undir reglur um almennt og lokað útboð en hafa ekki verið boðin út í samræmi við þær.”

4. Verklagsreglur um eigin viðskipti (8. gr.) Athugasemdir frá Fjármálaeftirliti, Samtökum fjármálafyrirtækja og Verslunarráði.

Fjármálaeftirlitið bendir á að ekki sé ástæða til að takmarka gildissvið greinarinnar við eigin viðskipti sem því eru falin til sölu heldur eigi reglurnar að taka til allra eigin viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, hvort sem þau eru falin því til sölu eða ekki.

Ráðuneytið tekur undir þetta og mælir með því að úr 1. mgr. falli út orðin „sem því eru falin til sölu”.

Samtök fjármálafyrirtækja benda á að það sé ógjörningur að stjórn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu fari yfir hver einstök eigin viðskipti fyrirtækisins og viðskipti eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra og leggja til að úr 6. tölul. 1. mgr. verði niður fellt að stjórn fyrirtækis skuli staðfesta viðskiptin.

Ráðuneytið mælir með að 6. tölul. verði orðist svo: „að stjórn fyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og hafi eftirlit með þeim.”

Verslunarráð leggur til að bætt verði við einum tölulið þar sem kveðið verði á um að hver einstök viðskipti stjórnenda, starfsmanna og maka séu eftir því sem við á samþykkt fyrirfram af viðkomandi yfirmanni. Jafnframt beri fyrirtæki að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því þegar frávík verða frá ákvæðum reglnanna án samþykkis viðkomandi yfirmanns.

Ráðuneytið telur að þessi tillaga sé það sérgreind að hún falli ekki vel að öðrum töluliðum greinarinnar og eigi því betur heima í verklagsreglum staðfestum af Fjármálaeftirliti heldur en í lögum um verðbréfa viðskipti.

5. Afmörkun ákvæða kafla um sanningsbundið uppgjör (11. gr.) Athugasemd frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Samtökin leggja til að í stað þess að ráðherra geti útvíkkað gildissvið þessa kafla með reglugerð verði kveðið á um að kaflinn nái til allra afleiðusamninga en á móti komi sú takmörkun að annar sanningsaðilinn þurfi að vera lánastofnun eða fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Ráðuneytið leggst gegn þessari tillögu. Ákvæði frumvarpsins eiga að tryggja gildi samninga um uppgjör afleiðusamninga þegar annar samningsaðilinn fær greiðslustöðvun, gengst undir nauðasamninga eða verður gjaldþrota. Mikilvægt er að ákvæði frumvarpsins séu þannig úr garði gerð að ekki skapist óvissa. Í því skyni var sett á laggirnar nefnd með fulltrúum viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins, innri endurskoðanda Landsbanka Íslands og varaformanni réttarfarsnefndar. Nefndin taldi ekki ástæðu til að ganga lengra í þá átt að vikka út gildissvið þessa kafla.

6. Reglugerð um meðferð trúnaðarupplýsinga. (ný grein) Athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu og Verðbréfaþingi.

Fjármálaeftirlitið og Verðbréfaþing telja æskilegt að stjórnvöldum verði veitt reglugerðarheimild um innherjaviðskipti þannig að nauðsynlegt svigrúm og sveigjanleiki sé fyrir hendi, enda mega slíkar reglur hvorki vera of veikar eða strangar.

Ráðuneytið tekur undir þetta og mælir með því að nýrri mgr. verði bætt við 27. gr. laganna svohljóðandi:

„Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar, meðal annars um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningu um viðskipti og birtingu þeirra og tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá.”

Fjármálaeftirlitið leggur auk þess til að ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði aukin varðandi bann við milligöngu þar sem grunur er um brot á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Ráðuneytið mælir með að bætt verði nýjum másl. og nýrri mgr. við 18. gr. laganna með nýrri 7. gr. frumvarpsins:

„Sama gildir varðandi vitneskju eða grun um að viðskipti brjóti gegn 30. gr. laga þessara.

Vakni grunur samkvæmt 1. mgr. skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.”

7. Staðreyndavillur og gildistaka.

Lagðar eru til þrjár breytingar.

Við 1. gr. frumvarpsins verði bætt við orðinu „afleiðusamninga” eftir samningsbundið uppgjör.

Í 9. gr. frumvarpsins komi Fjármálaeftirlitið í stað bankaeftirlitsins.

13. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að 7. gr., um útboð verðbréfa (orðið „almennt” felld út) taki gildi þann 1. janúar 2001. Þetta er gert í því skyni að nefnd um útboð verðbréfa hafi rýmri tíma til að taka útboðsmálin til heildarendurskoðunar. Einnig er lagt til að, í samræmi við athugasemd Samtaka fjármálafyrirtækja, að

starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli hafa lagað starfsemi sína að 5. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 2002.